

Mál nr. 185/2001

M
og
Vátryggingafélagið V /v. frjálsrar ábyrgðartryggingar
orkuveitu (O)

Vatnstjón þegar heitavatsrör fór í sundur í bílskúr þ. 13.1.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.9. 2001. ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 442/01.
3. Bréf V dags. 24.4. og 10.10. 2001.
4. Tölvubréfasamskipti milli lögfr. V og starfsmanns O.
5. Greinargerð O dags. 24.4.2001.
6. Símbref frá starfsmanni O dags. 23.1.2001.ásamt álestrarskýrslu.
7. Bréf vaktmanns O dags. 15.1.2001.
8. Tjónstilkynning dags. 23.4.2001.

Málsatvik.

Heitavatsrör fór í sundur í bílskúr við hús með þeim afleiðingum að vatn fór um skúrinn og töluverð gufa. Í skúrnum var gríðarlega mikið af gömlum bókum sem skemmdust við þetta en bækurnar voru í hillum í skúrnum. M vissi ekki nákvæmlega um fjölda bókana en taldi að nokkur þúsund eintök hefði verið um að ræða og mikið verðmæti og það staðfesta ýmsir sem gefa yfirlýsingu í málinu. Iðntæknistofnun var fengin til að skoða síu í mælagrind þar sem húsið utan um síuna hafði sprungið og var það talin vera orsök þess að heitavatsrörið fór í sundur. Niðurstaða Iðntæknistofnunar er sú að frost hafi valdið tjóninu þar sem að vatn hafi frosið inni í síunni en lítið vatn hafi runnið um hana. Fram kemur í álit Iðntæknistofnunar að ekki sé talið að þrýstingsskot í vatnskerfinu hafi valdið þessu. S (pípulagningarmeistari) skoðaði hitakerfið og telur ástæðu þess sem gerðist vera annað hvort að lokað hafi verið fyrir kerfið af mannavöldum eða einhversstaðar hafi leiðsla stíflast og rennsli stöðvast og telur S líklegustu orsökina vera að hemill í hitaveitugrind hafi stíflast og stöðvað rennsli inn á hitakerfið. Fram kemur frá O að lokað hafi verið fyrir heita vatnið af öðrum en O frá 30.ágúst 2000 og er lögð fram álestrarsaga því til sönnunar. Í greinargerð O kemur fram það álit að eigandi bílskúrsins beri sjálfur ábyrgð á tjóninu og vísar O í því sambandi til 9.gr. reglugerðar O þar sem segir að viðskiptavinir skuli gæta þess að ekki sé hætt á að vatn frjósi í tengigrind eða inntaki og viðskiptavinur skuli tryggja nægjanlegt rennsli til þess en þessa hafi M ekki gætt. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá V og vísar til skýrslu S og segist engin tók hafa átt á að fylgjast með þessu eða koma í veg fyrir það og því verði sér ekki um kennt. Þá telur M einsýnt að O beri ábyrgð á búnaði sínum einkum og sér í lagi innsigliðum hemli. V hafnar bótaábyrgð þar sem ósannað sé að tjónið verði rakið til sakar starfsmanna O eða atvika eða aðstæðna sem O beri skaðabótaábyrgð á. V bendir á að í umræddum bílskúr sé sérstök hitaveita og ekkert heitt vatn hafi farið í gegn um mælinn frá 30. ágúst 2000 annað hvort vegna þess að M hafi lokað fyrir rennslið eða stífla myndast af einhverjum orsökum. V vitnar í 9.gr. reglugerðar O sem vísað er til hér að framan. Þá vísar V einnig í 3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar þar sem O undanþiggur sig að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð heimila bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til frostst bilana o.s.frv. og telur V að O hafi því með lögætum hætti undanþegið sig bótaábyrgð vegna tjónsins.

Álit.

Fyrir liggur að ekkert heitavatnsrennsli var inn í bískúrinn frá því í lok ágúst 2000 en umrætt tjón verður í janúar og bílskúrinn hefur því verið án hita í rúma fjóra mánuði. Í yfirlýsingum sem M leggur fram frá þrem nafngreindum einstaklingum kemur fram að þeir hafi allir komið í bílskúrinn eftir 30. ágúst þ.e. um veturinn áður en óhappið varð og engin þeirra segist hafa orðið var við kulda og tveir fullyrða að þeir hafi tekið á ofni og fundið að hann var volgur. Þessar staðhæfingur samræmast ekki álestrarsögu um heitavatnsnotkun fyrir bílskúrinn. Fyrir liggur að M og fleiri komu í skúrinn ítrekað frá því að heitavatnsrennsli inn á hitaveitukerfið í skúrnum hætti og þar til að óhappið varð og ætla má að M hafi getað gert sér grein fyrir að hitakerfið var ekki fullnægjandi allavega ekki til geymslu viðkvæmra hluta eins og bóka nokkru áður en óhappið varð hvað svo sem líður yfirlýsingum um að ofnar hafi verið volgir. Ekki liggur fyrir í málinu sönnun um atvik eða atriði sem leiðir til skaðabótaskyldu O eða starfsmanna O á ofangreindu óhappi og á M því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 30.10.2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.